



Fréttabréf 2

14. október 2010

2. tbl. skólaárið 2010 — 2011

Ágætu foreldrar og forráðamenn nemenda í Grunnskólanum í Borgarnesi

Nú er nokkuð liðið á haustönnina og ekki seinna vænna en senda ykkur nokkrar línur með helstu upplýsingum um það sem framundan er og eftir atvikum frásagnir af því sem liðið er. Eins og fram hefur komið þá eru nemendur svipað margir og er við hættum í vor. Hefur starfið frá því skólaárið hófst verið farsælt og nemendur allir til mikillar fyrirmyndar. Það spillir ekki fyrir að einstök veðurlíða hefur verið undanfarnar vikur og verður vonandi áframhald á.

1. „Stöðvum einelti“ - Borgarafundur

Opinn borgarafundur verður haldinn í Menntaskóla Borgarfjarðar fimmtudaginn 21. október, í eineltisátaki sem Heimili og skóli – landssamtök foreldra, Liðsmenn Jerico, Olweusaráætlunin og Ungmennaráð SAFT í samstarfi við Símann, mennta- og menningarmálaráðuneytið, félags- og tryggingarmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og styrktaraðila standa fyrir á landsvísu. Jafningjafræðslufundur verður jafnframt haldinn á skólatíma fyrir nemendur efstu bekkja grunnskóla. Af þessu tilefni mun öflugt eineltisteymi skólans standa fyrir umræðu, uppákomum og fræðslu um einelti þessa vikuna. Skólinn hvetur foreldra sem og aðra til að mæta á þennan borgarafund sem hefst kl. 20.

2. Fundir f. foreldra 1. bekkinga

Síðasti fundurinn af þremur fyrir foreldra nem. í 1. bekk verður haldinn hérna í skólanum þriðjudaginn 19. október og hefst hann kl. 18. Er hér um örnámskeið að ræða sem miðar að því að auðvelda nýjum foreldrum upphaf skólagöngu barnanna og eins tækifæri til að hittast og ræða málin. Hefur bréf þessa efnis verið sent viðkomandi.

3. Annaskil

Miðönnin byrjar 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu. Frídagur er hjá nemendum föstudaginn 12. nóv. en þann dag verður gengið frá námsmati og foreldraviðtöl undirbúin en þau verða mánudaginn 15. nóv. Þessa daga verður Tómskundaskólinn opinn frá kl. 8. Nánar um þetta er nær dregur.

4. Skólaferðalag 10. bekkjar

Nemendur 10. bekkjar fóru í skólaferðalag strax að afloknum samræmdum könnunarprófum í september. Var ferðin skipulögð og fjármögnuð af foreldrum. Var haldið í Skaga – og Eyjafjörð í sannkallaða ævintýraferð. Myndir frá þessari ferð er að finna á heimasíðu skólans en þær segja meira en mörg orð.

5. Gleymt lykilorð

Það gerist oft að lykilorð af hinum ýmsu vefjum sem fólk hefur aðgang að gleymast. Nú hefur Mentor sett á forsíðu sína link, „gleymt lykilorð“ og með því að fara þarna inn þá berst lykilorðið samstundis í tölvupósti. Því er ekki lengur þörf á því að hringja í skólann til að fá það sent.

6. Ný skólahúsgögn

Byggðaráð veitti skólanum aukafjárveitingu í sumar til þess að kaupa ný húsgögn í tvær skólastofur. eru þessi húsgögn að koma í hús og verður því hægt að endurnýja skólahúsgögnin í stofum 3 og 4 en það eru heimastofur 8. bekkja. Var löngu orðið tímabært að gera þetta.

7. Lestur

Þetta skólaár er aukin áhersla á lestur í öllum bekkjum skólans. Byrendalæsi er í fyrsta og öðrum bekk og kennarar 3. – 7 bekk bekkja eru að vinna eftir hugmyndafræði *Orðs af orði*. Markmið *Orðs af orði* er að nemendur efli orðvitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða merkingu orða; að þeir geti nýtt orðforða sinn á fjölbreyttan hátt og auki skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám. Stefnt er að því að nemendur efli lesskilning og færni í að nota orðaforða sinn á markvissan hátt, eigi auðveldara með að skilja námstexta og tjá sig, greina frá þekkingu sinni og skoðunum á blæbrigðaríkan hátt. Orðaforðakennslu verður fléttað við aðra kennslu og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur fá þjálfun við greiningu og sundurgreiningu orða (orðasambönd, orð og orðeiningar, að bera saman skyldleika og tengsl orða, að greina mismunandi merkingu þeirra og mynda orð úr orðhlutum). Nemendur læra einnig að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða merkingu orða. Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri leggur verkefninu til ráðgjafa. Hann hefur yfirumsjón með verkefninu, leggur til sérþekkingu er varðar inntak verkefnisins, heldur námskeið og fræðslufundi.

Það er von okkar að með þessum tveimur verkefnum getum við bætt læsi nemenda en alþjóðalegar rannsóknir benda til þess að lestarhæfni nemenda hafi farið mjög hrakandi síðustu ár.

En ekki fleira að sinni, bestu kveðjur

Kristján Gíslason skólastjóri